

LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **15-076F022**

Dags: **13. ágúst 2015**

Staður: **Súðarvíkurhlíð**

Lýsing: **Eldsneytisþurrð**

Einkaflugmaður á TF-LSD (Piper PA-22-150) fór frá Ísafjarðarflugvelli í stutt einkaflug. Eftir um það bil 4 mínútna flug hætti hreyfillinn að starfa eðlilega og ákvað flugmaðurinn að nauðlenda á vegi í fjallshlíð. Við rannsókn kom í ljós að ekkert eldsneyti var í hægri eldsneytisgeymi en eldsneytiskrani var stilltur



á hægri geymi í fluginu. Eldsneyti var að finna í vinstri eldsneytisgeymi. Á vettvangi var eldsneytiskrani settur á vinstri eldsneytistank, hreyfillinn ræstur og starfaði hann eðlilega. RNSA telur líklegast að hreyfillinn hafi stöðvast vegna eldsneytisþurrðar.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 31. desember 2015.